



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
Landssamband björgunarsveita

Alþingi
Erindi nr. P 125/1527
komudagur 12.4.2000

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Þórshamri við Tempalarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 11. apríl 2000

Umsögn um frumv. til laga um álagningu gjalda á vörur, 500. mál

Slysavarnafélagið Landsbjörg er hlynnt þeim breytingum sem koma fram í frumvarpinu um brottmál vörugjalds og virðisaukaskatts af ökutækjum björgunarsveita.

Eftirfarandi ábendingum vilja samtökin koma á framfæri:

1. Í texta lagafrumvarpsins er talað um bíla og vélsleða en í skýringartexta er talað um ökutæki. Hér er nokkur munur á og telur félagið að rétt sé að tilgreina ökutæki í lagatextanum. Hugtakið ökutæki vísar til farartækja á ökutækjaskrá sem auk bíla og vélsleða eru m.a. snjóbílar og fjórhjól. Því er lagt til að í 17. grein standi “ökutæki” í stað “bifreiðar og vélsleðar”.
2. Niðurgreiðslur undanfarinna ára samkvæmt sérstökum lið í fjárlögum hafa einnig verið notaðar vegna slöngubáta og utanborðsmótora. Ekki er tekið tillit til þessa í ákvæði um heimild til niðurfellingar virðisaukaskatt. Slysavarnafélagið Landsbjörg leggur til að texta 7. liðar 19 gr. verði breytt þannig að í stað “bifreiðar og vélsleðar” standi “ökutæki, bátar og utanborðsmótorar”.

Það er von Slysavarnafélagsins Landsbjargar að unnt verði að taka tillit til þessarra ábendinga. Einnig vilja samtökin þakka fyrir þann skilning á mikilvægi starfs björgunarsveitanna sem fram kemur í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Kristbjörn Óli Guðmundsson,
frankvæmdastjóri.